



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vestfjarða www.minjastofnun.is Kennitala: 440113-0280

Reykholahreppur
Reykholum 5a
380Reykholahreppur

29. maí 2026
MÍ202605-0078/ 6.09 / L.G.

Efni: Nýtt deiliskipulag Brjánslæks

Minjastofnun barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 21.04.2026 þar sem fram kom að Reykhólahreppur óskaði eftir umsögn stofnunarinnar um nýtt deiliskipulag Brjánslæks 1, mál nr. 0429/2026. Hægt var að hlaða niður greinargerð, skipulagsupprætti sem og auglýsingu skipulagsins.

Skipulagssvæðið er innan 2 ha túns og verður heimilt byggingarmagn allt að 1000 m². Til stendur að reisa 11 hús, þar sem rekin verður gistipjónusta, og eitt þjónustuhús.

Skipulagssvæðið hefur verið fornleifaskráð sjá:

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2025. *Fornleifaskráning. Vegna breytinga á deiliskipulagi á landspildu í landi Brjánslækjar. Náttúrustofa Vestfjarða. Bolungarvík. NV nr. 28-25.*

Brjánslækur á sér langa sögu, minnst á bæjarstæðið í Landnámu og er því hluti af upphafssögu landsins. Í kirknaskrá frá 1200 er sagt frá kirkju á Brjánslæk og líklegast hefur verið kirkja frá því um 1000. Fjölmargar miðaldaheimildir eru um býlið og ljóst að Brjánslækur var stórbýli, líklegast frá því að byggð hófst allt fram á 19. öld. Enn fremur sýndi fornleifarannsókn fram á umfangsmiklar mannvistarleifar austan við bæjarhúsin árið 2025 (Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2025).

Lísabet
Guðmundsdóttir
Minjavörður Vestfjarða
lisabet@minjastofnun.is

Deiliskipulagssvæðið er innan heimatúns Brjánslæks, Túnið í kringum bæjarstæðið, oft afmarkað með túngarði sem var mismunandi stór. Innan heimatúnsins var að finna sjálf bæjahúsin ásamt ýmsum útihúsum, svo sem smiðjum, fjárhúsum, lambhúsum, og öðrum húsum og mannvirkjum sem tengdust athöfnum heima við. Þekkt er að heimatún og bæjarstæði voru gjarnan á sama stað öldum saman og má því finna fjölda fornleifa frá mismunandi tímum á bæjartorfunni. Vegna þessa eru miklar líkur á að fornleifar leynist undir sverði í gömlum heimatúnum. Þar af leiðandi má gera ráð fyrir umfangsmikilli byggð innan heimatúns Brjánslæks þrátt fyrir að ekkert sjáist á yfirborði vegna túnasléttunar.

Ljóst er að skipulagið mun að öllum líkindum koma til með að hafa áhrif á fornleifar og að bregðast þarf við með mótvægisáðgerðum innan svæðisins. Stofnunin vekur athygli á því að ekki er nauðsynlegt að vinna þessar mótvægisáðgerðir áður en skipulagið er samþykkt heldur þarf að grípa til þeirra áður en til framkvæmda kemur og því mikilvægt að þær kvaðir sem liggja á svæðinu komi fram í skipulaginu með skýrum hætti.

Þær rannsóknarkröfur sem farið verður fram á verða forrannsóknir í formi könnunarskurða og/eða framkvæmdaefirlit. Minjastofnun mun að þeim loknum ákveða hvort frekari rannsókna er þörf, áður en framkvæmdir geta hafist. Markmið með könnunarskurðum er að afla upplýsinga um gerð og aldur minjanna sem og hvort greina megi eldri ummerki um mannvist undir þeim. Minjastofnun mun síðar skrifa ýtarlegri rannsóknarkröfur, þar sem fjöldi og nánari staðsetningar könnunarskurðanna verða skilgreindar.

Fornleifarannsóknir eru unnar á kostnað framkvæmdaáðila og er það í samræmi við 28. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012 þar sem segir:

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Virðingarfyllst,

Lisabet Guðmundsdóttir

Lísabet Guðmundsdóttir
Minjavörður Vestfjarða

